



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið
b.t. Eyglóar Harðardóttur
félags- og húsnæðismálaráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík 29. september 2015

1509005SA KB/agb
Málalykill: 237

Efni: Móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um ofangreint mál á fundi sínum 11. september sl. og samþykkti svohljóðandi bókun:

Stjórnin leggur áherslu á að sambandið bjóði sveitarfélögum þjónustu sína við undirbúning móttöku flóttamanna, og beiti sér fyrir endurskoðun á inntaki þeirra samninga og reglna sem gilda um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokksins, í samvinnu við þau sveitarfélög sem málið varðar.

Með vísun til þessarar samþykktar óskar sambandið eftir fundi við fyrsta tækifæri með ráðuneytum velferðar- og innanríkismála til að ræða áhersluatriði sambandsins og aðkomu þess að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Helstu áhersluatriði sambandsins eru þessi:

1. Sambandið telur að aukinn straumur flóttamanna hingað til lands kalli á heildarendurskoðun og samræmingu reglna um móttöku allra hópa flóttamanna. Setja þarf reglur um að flóttamenn, sem koma á eigin vegum til landsins og fá hæli, fái einnig móttökustuðning og að samningar ríkisins við sveitarfélög um móttöku taki einnig til þeirra. Samhæfa þarf lög um málefni innflytjenda, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um útlendinga varðandi móttöku flóttamanna og innflytjenda og skoða sem fyrirmyndir löggjöf í norrænum grannríkjum þar sem í sömu lögum er kveðið á um móttöku allra hópa flóttamanna og innflytjenda.

2. Þar sem fyrirséð er að sveitarfélög muni þurfa að taka á móti flóttamannahópum áður en slík endurskoðun hefur farið fram telur sambandið mikilvægt að strax verði farið í greiningu á kostnaðar- og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, vegna móttöku flóttamanna. Til þessa hefur stuðningur ríkisins við sveitarfélög almennt miðast við eitt ár. Sambandið telur einsýnt að lengja þurfi stuðningstímabilið í samræmi við það sem tíðkast í öðrum norrænum ríkjum.

3. Jafnframt þarf að sjá til þess að sveitarfélög eigi kost á miðlægum stuðningi vegna sértækrar þjónustu við flóttamenn, s.s. vegna túlkajónustu og fræðslu til starfsmanna. Fjölmeningarsetur hefur, skv. lögum um málefni innflytjenda, ráðgjafar- og upplýsingahlutverk gagnvart stjórnvöldum og stofnunum, sbr. a-lið 3. gr. laganna, og í b-lið 3. gr. er sérstaklega tilgreint að setrið skuli vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í

sveitarfélagið. Skoða þarf hvort og hvernig sé hægt að efla burði Fjölmenningsseturs til að sinna lögbundnu stuðningshlutverki sínu.


4. Einnig er þörf á að skerpa á samstarfi á milli sveitarfélaga og ríkisstofnana, sem bera ábyrgð á þjónustu sem flóttafólkið mun þurfa á að halda, s.s. Vinnumálastofnunar og heilbrigðisstofnana, svo og verkaskiptingu á milli sveitarfélaga og Rauða krossins.

5. Reynslan erlendis frá sýnir að ein stærsta áskorunin varðandi móttöku flóttamanna er að tryggja þeim öruggt húsnæði. Út frá stöðunni í húsnæðismálum landsmanna má telja ljóst það muni reynast bæði stórt og flókið viðfangsefni fyrir stjórnvöld að útvega flóttamönnum fullnægjandi húsnæði. Það er lykilatriði að samvinna takist milli ríkis, sveitarfélaga og fleiri aðila um þetta verkefni og að allra mögulegra leiða verði leitað til þess að mæta viðbúinni þörf. Íbúðalánasjóður og tengdir aðilar hljóta m.a. að koma að málum, með það fyrir augum að tómar íbúðir á þeirra vegum verði nýttar.

Að lokum vill sambandið leggja áherslu á þetta: Flóttamenn sem setjast að á Íslandi hafa flestir mátt þola miklar hremmingar, þeir koma úr ólíkum menningarheimi og þurfa mikinn stuðning í upphafi til að aðlagast íslensku samfélagi og aðstæðum. Til framtíðar litið þá skiptir það öllu máli að vel og faglega sé staðið að móttöku þeirra. Samþykktir fjölmargra sveitarfélaga að undanförmu sýna að þau eru full vilja til að taka vel á móti þessum nýju íbúum. En það er jafnljóst að þau þurfa fullnægjandi stuðning frá ríkinu til að geta tekist á við þetta krefjandi verkefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Innanríkisráðuneytið, Ólöf Nordal innanríkisráðherra



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 6. október 2015

1509005SA AGB

Málalykill: 237

Efni: Móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum

Málefni flóttamanna eru í brennidepli og mörg sveitarfélög hafa samþykkt ályktanir um að taka á móti flóttamönnum sem nýjum íbúum. Ljóst er að upp er komin alveg ný staða í flóttamannamálum sem kallar á markvissar og samstilltar aðgerðir allra hlutaðeigandi, þ. á m. sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um málið á síðasta fundi sínum 11. september sl. og samþykkti að sambandið skuli bjóða sveitarfélögum aðstoð sína vegna undirbúnings komu flóttamanna og beita sér gagnvart ríkisvaldinu til hagsbóta fyrir þau¹. Í kjölfarið sendi sambandið samhljóða bréf til velferðar- og innanríkisráðuneyta, dags. 29. september sl., þar sem gerð er grein fyrir samþykkt stjórnar og áhersluatriðum sambandsins og óskaði eftir fundi til að ræða þau og aðkomu sambandsins að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Afrit þess fylgir hjálagt en svör hafa ekki ennþá borist.

Sambandið hefur einnig með vísun til samþykktar stjórnar sett á laggirnar þverfaglegt innanhústeymi til að hafa umsjón með aðgerðum þess vegna málefna flóttamanna og innflytjenda en málefni þessara tveggja hópa eru nátengd. Í teyminu eiga sæti sérfræðingar af þróunar- og alþjóðasviði, hag- og upplýsingasviði og lögfræði- og velferðarsviði sambandsins. Fyrsta verkefni teymisins er að vinna að kostnaðargreiningu á þjónustu sveitarfélaga við flóttamenn. Annað verkefni teymisins er að byggja upp samstarfsnet við sveitarfélög og þetta bréf er fyrsta skrefið í þá átt. Hugmyndin er sú að bjóða sveitarfélögum, sem hafa ályktað um móttöku flóttamanna eða eru að íhuga að taka á móti flóttamönnum, að tilnefna einn eða fleiri tengiliði við teymið². Þannig verði myndað samstarfsnet sem verði vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti á netinu og hefðbundnum fundum.

Það er mikilvægt fyrir sambandið að hafa yfirsýn yfir stöðuna og þess vegna er að lokum óskað eftir upplýsingum um hvaða sveitarfélög hafa sent ályktanir til ráðuneytisins um móttöku flóttamanna. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvað brenni helst á þeim vegna málsins og hvaða sjónarmið þau hafa um aðkomu sambandsins að því. Upplýsingar verði sendar á tölvupóstfangið anna@samband.is.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

¹ Minnisblað og norræn samantekt, dags. 9. september sl., sem lögð voru fram á fundinum fylgja hjálögð til upplýsinga.



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Dags.: 9. september 2015

Sendandi: Karl Björnsson framkvæmdastjóri og Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri

Málsnr.: 1509005SA

Málalykill: 237


Efni: Móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum

Minnisblað þetta er tekið saman vegna þeirrar umræðu sem nú er uppi um að Íslandi beri að taka á móti fleiri flóttamönnum og hlutverki sveitarfélaga í því sambandi.

Núgildandi regluverk og framkvæmd.

Flóttamenn koma hingað til lands annars vegar sem kvótaflóttamenn samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og hins vegar kemur fólk hingað á eigin vegum og leitar eftir hæli. Um móttöku og aðstoð við fyrrnefnda hópinn er kveðið á um í viðmiðunarreglum flóttamannanefndar velferðarráðuneytisins frá 10. maí 2013¹. Þar kemur fram að ráðuneytið semji við sveitarfélög um móttöku og flóttafólk eigi rétt á sérstakri aðstoð að lágmarki í eitt ár frá komu til landsins. Samkvæmt 11. gr. reglnanna gerir sveitarfélag kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttafólks í samráði við velferðarráðuneytið sem er hluti af samningi þess við ráðuneytið.

Reglurnar taka ekki til flóttamanna, sem koma á eigin vegum til landsins og fá hæli, og það eru ekki gerðir samningar á milli ríkis og sveitarfélaga um móttöku þeirra. Ráðuneytið hefur hins vegar gefið út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttöku og aðstoð við þennan hóp². Sveitarfélög eiga rétt á endurgreiðslu frá ríkinu vegna almennrar félagsþjónustu við einstaklinga í þessum hópi í allt að tvö ár skv. ákvæði um erlenda ríkisborgara í 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sambandið hefur ítrekað gagnrýnt þetta misræmi og Ríkisendurskoðun tekur undir hana í nýlegri skýrslu sinni um "Málefni útlendinga og innflytjenda á Íslandi"³. Hælisleitendum hefur fjölgað gífurlega eins og myndin hér að neðan sýnir. Á tímabilinu janúar-ágúst á þessu ári hafa 66% fleiri einstaklingar sótt um hæli en á sama tímabili 2014.



Í 25. gr. frumvarps til laga um útlendinga, sem nefnd á vegum innanríkisráðuneytið hefur nýlega lagt fram til umsagnar, segir að ráðuneytið skuli sjá til þess að til staðar sé fullnægjandi móttökukerfi m.a. móttökumiðstöð, fyrir umsækjendur um

¹ <http://www.velferðarraduneyti.is/malaflokkar/flottafolk/mottaka/nr/4548>

² <http://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/leidb.regkur.LOK.pdf>

³ Bls. 5 http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/utlendingar_innflytjendur.pdf

alþjóðlega vernd. Ákvæðið nær samkvæmt orðanna hljóðan til allra hópa flóttamanna og er tvímælaust skref í rétta átt en sambandið hefur gert athugasemd við að það sé ekki nægilega skýrt um hlutverk og grundvöll móttökumiðstöðvar og huga þurfi að samspili á milli laga um útlendinga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í frumvarpinu er ekkert minnst á móttökuhlutverk sveitarfélaga gagnvart flóttamönnum. Í því sambandi þarf að hafa í huga að málefni útlendinga og innflytjenda, skiptast á milli tveggja ráðuneyta. Innanríkisráðuneytið fer með málefni útlendinga en velferðarráðuneytið með málefni innflytjenda og flóttamannahópa. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þessa tvískiptingu í skýrslu sinni.

Kvótaflóttamenn á Íslandi Skipting eftir upprunalandi 1956 til 2015

Komuár	Móttökusveitarfélag	Uppruni	Fjöldi
1956		Ungverjaland	52
1959		Júgóslavía	32
1979		Víetnam	34
1982		Pólland	26
1990		Víetnam	30
1991		Víetnam	30
1996	Ísafjörður	Krajina	30
1997	Hornafjörður	Krajina	17
1998	Blönduós	Krajina	23
1999	Hafnarfj., Fjarðab., Dalvík	Kósóvó	75
2000	Siglufjörður	Krajina	24
2001	Reykjanesbær	Krajina	23
2003	Akureyri	Krajina	24
2005	Reykjavík	Kósóvó	7
2005	Reykjavík	Kólumbía	24
2007	Reykjavík	Kólumbía	30
2008	Akranes	Palestínumenn frá Írak	29
2010	Reykjavík	Kólumbía	6
2012	Reykjavík	Afganistan	9
2014	Hafnarfjörður	Afganistan	6
2014-2015	Reykjavík	Simbabve, Úganda, Sýrland og Kamerún	5
2015	Reykjavík	Sýrland	13
		Samtals	549

Eins og ofangreindar tölur sýna hafa sveitarfélög verið að taka á móti fámennum hópum kvótaflóttamanna undanfarin ár og ekki hefur heyrst annað en að þau hafi ráðið vel við það. Hins vegar hefur sú gagnrýni heyrst að það sé ekki nægilegt að ríkið veiti sveitarfélögunum fjárhagsstuðning í eitt ár, sbr. eftirfarandi umsögn Regínu Ástvaldsdóttur bæjarstjóra á Akranesi:

"Í okkar tilviki þá fengum við aðstoðina framlengda um hálf ári en það er engan veginn nægjanlegt og við höfum borið kostnað við framfærslu og sérúrræði í skólum og annan stuðning í mörg ár eftir að stuðningi ríkisins lauk. Það skiptir afskaplega miklu máli að fá faglega aðstoð t.d. vinnuálagstofnunar strax inn þar sem vinnuálagurinn er útgætur núna og hugsanlegt að styðja fólk fyrr inn á vinnuálagurinn en var í okkar tilviki þar sem

flóttamennirnir komu fjórum vikum fyrir efnahagshrun og það hefur litað allt verkefnið. Algjört atvinnuleysi í c.a. 3 ár eftir hrun.

Ríkið þarf að aðstoða fólk í amk tvö ár, með allan kostnað, bæði framfærslu og stuðning, þ.m.t. sérstuðning í skólum, túlkajónustu, íslenskukennslu, barnavernd o.fl. Ef fólk kemst út á vinnumarkaðinn fyrr þá verði dregið úr framfærslu."

Svipuð sjónarmið koma fram í umsögn Eddu Ólafsdóttur sem er sérfræðingur í málefnum innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda á mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar:

"Ég er sammála Regínu um að ríkið þurfi að aðstoða fólk í amk. 2 ár. Einnig þarf að leggja miklu meiri áherslu á virkniúrræði og atvinnuúrræði.

Huga þarf að öllum sérstuðningi eins og Regína segir í skólunum, barnaverndinni og félagsþjónustunni almennt. Eitt af einkennum mikillar áfallastreitu er t.d. skert foreldrahæfni og það höfum við kynnst mikið með okkar fólki hér í Reykjavík og því þarf barnaverndin að vera vel undirbúin sem og annað fagfólk."

Edda telur mikilvægt að áður en tekið verði á móti næstu flóttamannahópum verði útbúin fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélaga um vinnu með kvótaflóttafólki og þjálfaðir túlkar sem geti túlkað af fagmennsku tungumál flóttafólksins. Reykjavíkurborg hafi t.d. lent í vandræðum með að finna góða túlka fyrir sýrlenska hópinn sem borgin tók við á þessu ári. Enn fremur sé löngu tímabært að gera rannsókn á stöðu flóttafólks, sem tekið hefur verið á móti, og hversu mikla þjónustu það er ennþá að fá frá sveitarfélaginu, eins og fjárhagsaðstoð o.fl.

Að hverju þarf að huga ef taka á móti mun fleiri flóttamönnum en undanfarin ár.

Ljóst er að það þarf að fara vel í gegnum skipulag móttöku flóttamanna og kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga ef sveitarfélög eiga að fara að taka á móti mun fleiri flóttamönnum en hingað til. Meta þarf að hvaða leyti móttaka flóttamanna og greiðslur til sveitarfélaga eigi að byggjast á samningum eins og verið hefur og að hvaða leyti sé þörf á lagaákvæðum til að skerpa á rétti flóttamanna til þjónustu og verka- og kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Samningar og lagaákvæði þurfa að taka til allra flóttamanna, bæði kvótaflóttamanna og þeirra sem koma til landsins á eigin vegum.

Innflytjendaráð og fjölmeningarsetur hafa skv. lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, hlutverk og skyldur gagnvart innflytjendum almennt en lögin fjalla ekki sérstaklega um málefni flóttafólks. Eina ákvæði laganna sem kemur inn á móttökuhlutverk sveitarfélaga er í b lið 3. gr. þar sem segir að Fjölmeningarsetur skuli vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið.

Eins og fram kemur í norrænu samantektinni, sem fylgir þessu minnisblaði, þá kveða sérstök lög á um móttökuhlutverk sveitarfélaga á hinum Norðurlöndunum. Þau mæla fyrir um gerðar skuli einstaklingsbundnar móttökuáætlanir fyrir flóttamenn, sem eiga að stuðla að því að þeir verði sem fyrst virkir þátttakendur í samfélaginu. Í öllum löndunum er ákveðnar reglur og viðmið um greiðslur til sveitarfélaga og flóttamanna, sem gerð er grein fyrir í samantektinni. Sveitarfélögin eiga rétt á greiðslum frá ríkinu til að mæta kostnaði vegna móttöku flóttamanna, bæði kvótaflóttamanna og annarra flóttamanna. Lengst í fimm ár í

Noregi og styst í tvö ár í Svíþjóð en sænska sveitarfélagasambandið berst nú fyrir framlengingu og hækkun á stuðninginum. Í Danmörku og Noregi er meiri stýring á því hvernig flóttamönnum er deilt niður á sveitarfélög, en í Finnlandi og Svíþjóð og þar virðist vera betra skipulag á þessum málum. Danska sveitarfélagasambandið og það norska hafa samræmingar- og milligönguhlutverki á milli sveitarfélaga og ríkisins. Það þarf að skoða hvort sambandið eigi að gegna slíku hlutverki vegna samninga um árlegan fjölda flóttamanna sem sveitarfélög eigi að taka við og hvernig þeir eigi að dreifast niður á sveitarfélög. Sambandið hefur hingað til ekki haft neina aðkomu að flóttamannamálum sveitarfélaga. Öll samskipti og samningar hafa verið beint á milli móttökusveitarfélaga og velferðarráðuneytisins.

Einnig þarf að skoða hvort sambandið eigi að leita eftir að tengjast flóttamannanefnd velferðarráðuneytisins. Nefndin gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildarstefnu og skipulag móttöku flóttamanna og hefur yfirumsjón með framkvæmd. Í 9. gr. frumvarps til nýrra útlendingalaga er gert ráð fyrir að flóttamannanefnd gegni áfram sama hlutverki og ekki er gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að nefndinni.

Í stefnumörkun sambandsins 2014-2018 er í liðum 3.3.29 og 3.3.30 kveðið á um að sambandið skuli stuðla að því, sérstaklega í gegnum þátttöku sína í innflytjendaráði, að hagsmunir íbúa af erlendum uppruna séu tryggðir og vinna að því að sveitarfélög fái lögbundinn stuðning Fjölmenningsseturs til að veita íbúum af erlendum uppruna fullnægjandi þjónustu. Málafni flóttafólks hafa ekki verið í brennidepli fyrr en núna og því er ekki vikið sérstaklega að málafnum þeirra í stefnumörkuninni. Ef sambandið á að fara að gegna ákveðnu hlutverki vegna flóttamannamála þá er það nýtt verkefni hjá sambandinu sem þarf að finna stað í skipuriti þess. Móttaka flóttamanna snýst fyrst og fremst um velferðarþjónustu og því er líklegast nærtækast að verkefnið verði vistað á lögfræði- og velferðarsviði.

Niðurstaða dregin saman

Fjölgun kvótaflóttamanna og hælisleitenda kallar á endurskoðun á framkvæmd móttöku þeirra og líklega lagasetningu um móttökuáætlanir og viðmið um greiðslur til sveitarfélaga, bæði beinar greiðslur og í gegnum almenna jöfnunarkerfið. Þar til niðurstaða liggur fyrir um þau mál er auðvitað mjög mikilvægt að sveitarfélög sem hafa hug á að taka á móti flóttamannahópum í fyrsta sinn geti notið góðs af reynslu annarra sveitarfélaga. Langmesta reynslan er hjá Reykjavíkurborg sem hefur tekið á móti tæplega 100 flóttamönnum síðan árið 2005. Æskilegt er að fulltrúi sambandsins fylgist með miðlun reynslu og undirbúningi móttöku til að byggja upp þekkingu á málafnum flóttafólks hér innanhúss og vegna hugsanlegs samræmingar- og milligönguhlutverks sambandsins í framtíðinni.



Norræn samantekt um málefni flóttamanna

9. september 2015

1509005SA AGB

Málalykill: 237

Danmörk

Lög um „integration“¹ leggja þá skyldu á sveitarfélög, að taka þátt í móttöku á flóttamönnum og hælisleitendum sem fá dvalarleyfi í Danmörku. Danska útlendingastofnunin metur árlega við hversu mörgum flóttamönnum megi búast. Lögin gera ráð fyrir að sveitarfélögin á hverju svæði komi sér saman um hvernig flóttamennirnir deilast niður á sveitarfélög. Ef þau ná ekki samkomulagi þá getur Útlendingastofnunin úthlutað sveitarfélögum ákveðnum kvóta. Vegna mikillar fjölgunar flóttamanna 2015 þar sem áætlaður fjöldi fór úr 4000 flóttamönnum í 12000 flóttamenn, var tekin upp meiri miðstýring þannig að ríkið gerði í upphafi árs samning við danska sveitarfélagasambandið, KL, um við hversu mörgum flóttamönnum sveitarfélögin taki á árinu 2015 og KL fékk milligönguhlutverk um við hversu mörgum flóttamönnum einstök sveitarfélögin taki.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á þjónustu við þá innflytjendur sem þar búa, en útlendingarráðuneytið² hefur yfirumsjón og eftirlit með aðlögunarmálum. Innflytjendamál snerta öll ráðuneyti og sérstök nefnd nýu ráðherra á að tryggja samræmingu og samfellu í innflytjendastefnunni.

Ábyrgð sveitarfélaganna er mikil og skv. dönsku aðlögunarlögunum þurfa flóttamenn og þeir sem koma vegna fjölskyldusameiningar að fara eftir aðlögunaráætlun fyrstu þrjú árin. Gerð er áætlun fyrir hvern einstakling og samkomulag um þátttöku í henni. Í henni eru skilgreind markmið og hvert er hlutverk hvers og eins sem að henni standa. Meginþættir einstaklingsáætlunarinnar felast í:

- Tungumálanámi í allt að fimm árum.
- Vinnumarkaðsþjálfun, menntun eða starfsþjálfun og er hún skilyrði hjá þeim sem njóta fjárhagsaðstoðar
- Þátttöku í félags- og tómstundastarfi til að skapa tengslanet og auðvelda félagslega aðlögun

Samningurinn og einstaklingsáætlunin fellur úr gildi þegar viðkomandi er kominn með atvinnu þótt þriggja ára tímabilinu sé ekki lokið

Byggt er á því að ríkið greiði heildarkostnað sveitarfélaganna skv. "integrationsloven" fyrstu þrjú árin eftir ákveðnum reglum³. Sveitarfélög fá endurgreiddan kostnað vegna móttökuáætlana og fjárhagsaðstoðar og greitt er grunnframlag á hvern flóttamann til að standa undir viðbótarkostnaði vegna félagsþjónustu (DKR. 31.250 pr. ár pr. flóttamann) og síðan er sveitarfélögum sem tekst að koma flóttamönnum í vinnu, í skóla eða klára próf í dönsku, umbunað fjárhagslega fyrir góðan árangur. Almenna jöfnunarkerfið bætir líka sveitarfélögum, sem eru með há útgjöld vegna flóttamanna,


¹ <http://www.socialjura.dk/content-storage/love/love/integrationslov/#c7285>

² Udlændinge-, integrations- og boligministeriet

³ http://www.kl.dk/ImageVaultFiles/id_71587/cf_202/Finansiering_af_integrationsomr-det.PDF

kostnað þeirra. Sérstök lög um dönskukennslu geta einnig veitt sveitarfélögum rétt til endurgreiðslu á kostnaði vegna dönskukennslu.

□ Danir hafa búið til árangursmælitæki til að meta hvort markmið ríkisstjórnarinnar um samþættingu og aðlögun gangi eftir⁴ en danska ríkið telur að það sé vandamál hversu misjafnleg vel sveitarfélög eru að standa sig í að taka á móti flóttamönnum. Sett hefur verið upp vefsíða til að styðja við móttöku flóttamanna⁵ og sl. vor gerðu ríkisstjórnin og KL með sér samstarfssamning um aðgerðir til að styrkja þjónustu sveitarfélaga við innflytjendur, flóttamenn og ættingja þeirra sem fylgja í kjölfarið. Um 20 sveitarfélög munu taka þátt í verkefninu og veitti danska ríkisstjórnin 40 milljónum DKR. til þess. Áhersla verður lögð á að sveitarfélög setji sér skýr markmið um aðlögun, hafi meiri samstarf og veiti markvissa ráðgjöf. Þekkingu og reynslu af verkefninu verður miðlað til annarra sveitarfélaga.



Finland

Sérstök lög, "Integrationslagen"⁶ kveða á um móttökuskyldur sveitarfélaga gagnvart flóttamönnum og innflytjendum almennt. Lögin kveða á um að ríkið geti vísað flóttamönnum til sveitarfélaga á grundvelli samninga um endurgreiðslur á kostnaði. Engu að síður kvarta finnsk sveitarfélög yfir að alltof of mikið sé um að hælisleitendur, sem fengið hafa dvalarleyfi flytji í sveitarfélög, án þess að þau fái vitneskju um það og geti því ekki búið sig undir að taka á móti fólkinu. Sama eigi við um flutninga vegna fjölskyldusameininga. Í mbl. frá finnska sveitarfélagasambandinu, dags. 21. ágúst sl., kemur fram að þetta skapi vandamál fyrir sveitarfélög og ríkið verði að tryggja betri stýringu á búsetumálum þeirra sem fá dvalarleyfi. Einnig þurfi að tryggja sveitarfélögum aðkomu á frumstigi að ákvörðunum um flóttamannakvóta. Sveitarfélög sem ætla að taka við kvótaflóttamönnum þurfi að taka þátt í undirbúningi frá upphafi.

⁴ www.integrationsbarometer.dk

⁵ <http://dengodemodtagelse.dk/>

⁶ <http://www.finlex.fi/sv/laki/alkup/2010/20101386/>

Finnsk sveitarfélög kvarta einnig yfir því að faglegur og fjárhagslegur stuðningur ríkisins sé ófullnægjandi og nái til of stutts tíma. Samkvæmt gildandi reglum greiðir finnska ríkið sveitarfélögum EUR 6845 á ári fyrir börn undir 7 ára aldri og EUR 2.300 fyrir þá sem eru eldri. Greitt er í fjögur ár fyrir kvótaflóttamenn og í þrjú ár fyrir aðra. Finnska sveitarfélagasambandið telur að þessi framlög þurfi að hækka í samræmi við hækkun félagsþjónustuútgjalda finnskra sveitarfélaga en framlagið hefur aðeins hækkað um 10% síðan 1993. Hækka þurfi það um 56% til að ná útgjaldahækkuninni. Greitt er sérstaklega fyrir túlka- og barnaverndarkostnað.

Finnsk sveitarfélög hafa metið það svo að þjónusta við innflytjendur fyrstu árin taki almennt 1,5-2 sinnum lengri tíma en þjónusta við aðra íbúa. Finnska sveitarfélagasambandið telur að fjöldi innflytjenda ætti að vera sérstakur liður í jöfnunarkerfinu á milli sveitarfélaga. Það leggur áherslu á að flóttamenn flytji í sveitarfélögin eftir skipulagðri áætlun og sveitarfélög hafi val um hvort þau taki við flóttamönnum.

Noregur

Í Noregi hefur sérstök stjórnsýslustofnun, IMDi⁷, umsjón með málefnum flóttamanna. Hún ber ábyrgð á að finna búsetusveitarfélag fyrir flóttamenn og fer árlega fram á að sveitarfélög taki við ákveðnum fjölda þeirra. Umleitunin byggist á mati nefndar um móttöku og búsetu á því hversu margir muni fá dvalarleyfi á hverju ári. Samkvæmt samningi á milli ríkisstjórnarinnar og norska sveitarfélagasambandsins, KS, eiga sveitarfélögin að geta tekið á móti 10.000 flóttamönnum 2015. IMDi hefur beðið sveitarfélög um að taka á móti 50.000 flóttamönnum 2016-2019 og ráðherra innflytjendamála hefur farið þess leit að sveitarfélög geri grein fyrir hversu mörgum viðbótarflóttamönnum þau muni geta tekið á móti 2015 og 2016. Sveitarfélögum er skylt að gera móttökuáætlun fyrir flóttamenn sem þau taka við skv. móttökulögum⁸. IMDi er með sex svæðaskrifstofur sem vinna náið með sveitarfélögum að móttökumálum. Ríkið greiðir sveitarfélögumnum svokallað "integreringstilskudd" fyrir hvern flóttamann til að mæta búsetukostnaði og kostnaði vegna aðgerða til að flóttamenn getið tekið þátt í atvinnulífinu og séð fyrir sér sjálfur. Framlagið á að svara til meðalútgjalda sveitarfélaga búsetuárið og fjögur ár þar á eftir. Sérstök nefnd endurreiknar árlega framlagið á grundvelli raunútgjalda sveitarfélaga.

⁷ Integrerings- og mangfoldsdirektoratet


⁸ Introduksjonsloven

Stortinget har fastsatt følgende satser for integreringstilskudd i 2015:

Integreringstilskudd	Bosettingsår	Sats
Integreringstilskudd	År-1 (2015)	kr. 182 000 (voksen)* kr. 182 000 (barn)* kr. 232 000 (enslig voksen) kr. 182 000 (enslig mindreårig)
	År-2	kr. 210 000
	År-3	kr. 152 000
	År-4	kr. 82 200
	År-5	kr. 70 000
Barnehagetilskudd		kr. 24 400 (engangstilskudd)
Eldretilskudd		kr. 157 500 (engangstilskudd)
Særskilt tilskudd enslig mindreårig		kr. 191 300
Personer med kjente funksjonshemminger		Tilskudd 1: kr. 175 900 (engangstilskudd) Tilskudd 2: Inntil kr.1 080 000 i inntil 5 år

Svíþjóð

Svíþjóð er í hópi þeirra Evrópuríkja sem hafa tekið á móti flestum flóttamönnum undanfarin ár. Þessi tafla sýnir þann fjölda sem hefur leitað eftir hæli í Svíþjóð undanfarin ár og spá um þróun.



Sænsk sveitarfélög tóku á móti tæplega 50.000 flóttamönnum 2014. Flóttamenn hafa val um í hvaða sveitarfélagi þeir setjast að. Samkvæmt sænskum lögum skal sænska vinnumálastofnunin veita þeim, sem eiga rétt á móttökuáætlun, aðstoð við útvega húsnæði. Það er skortur á íbúðarhúsnæði á vaxtarsvæðum í Svíþjóð og flóttamenn finna sérstaklega fyrir því. Í lok síðasta árs bjuggu 11000 flóttamenn í bráðabirgðahúsnæði á vegum sænska ríkisins. Hafni innflytjandi tilboði

Vinnumálastofnunar um húsnæði hefur hann ekki lengur rétt til að búa í slíku húsnæði. 85% innflytjenda útvega sér sjálfir húsnæði en sænska sveitarfélagasambandið, SKL, telur það eitt af stóru úrlausnarefnum í málefnum flóttamanna að þeir búi við óviðunandi húsnæðisaðstæður.

Móttaka innflytjenda byggist á samningum á milli ríkisins og einstakra sveitarfélaga. Ríkið hefur skipað samræmingaraðila til að stuðla að góðum samskiptum við sveitarfélög og leitast við að umbuna sveitarfélögum sem taka við auknum fjölda flóttamanna og ná góðum árangri í móttöku þeirra.

SKL, hefur lagt fram 35 tillögur um aðgerðir til að bæta móttöku hælisleitenda og flóttamanna⁹. SKL telur að það þurfi að stýra því betur hvar flóttamenn setjast að þannig að þeir dreifist betur á milli sveitarfélaga og setjist að í sveitarfélögum sem geti boðið upp á fullnægjandi húsnæði og atvinnumöguleika. Auka þurfi samráð á milli ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál flóttamanna. SKL leggur jafnframt áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum allan kostnað vegna þjónustu við flóttamenn sem ríkið ber ábyrgð á. Fyrirkomulag endurgreiðslu þurfi að vera markvisst og einfalt. Stuðningskerfið við flóttamenn þurfi einnig að vera sveigjanlegt þannig að hægt sé að laga það að einstaklingsbundnum þörfum. Það þurfi líka að vera möguleiki á stuðningi til lengri tíma en tveggja ára eins og er samkvæmt gildandi reglum. Tryggja þurfi stöðugt samráð á milli sveitarfélaga, SKL og ríkisstofnana.

⁹ <http://webbutik.skl.se/sv/artiklar/35-atgardsforslag-for-ett-hallbart-asyll-och-flyktingmottagande.html>